

# Fundargerð 242. fundar

## Launanefndar sveitarfélaga

Fimmtudaginn 23. september kl. 18:00 kom Launanefnd sveitarfélaga saman til fundar að Barónsstíg 11a, Reykjavík.

Fundinn sátu Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, Hallur Páll Jónsson, Ingunn Gísladóttir, Hermann Jón Tómasson, Þorsteinn Einarsson, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, Guðfinna Harðardóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Guðrún A. Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

### 1 Viðmið um kjör sveitarstjórnarmanna

Tekið var fyrir erindi frá framkvæmdastjóra Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem hann óskar eftir umfjöllun launanefndar á tilteknu ákvæði í stefnumörkun og aðgerðaáætlun sambandsins fyrir árin 2009 til 2010. Í ákvæðinu var framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur til stjórnar sambandsins, í samvinnu við kjarasvið og Launanefnd sveitarfélaga, að málefnalegum viðmiðum um kjör sveitarstjórnarmanna. Tillögunum var ætlað að taka mið af umfangi og ábyrgð starfs og stærð sveitarfélags.

Eftir að hafa rætt erindi framkvæmdastjóra ítarlega var launanefndin sammála um að Samband íslenskra sveitarfélaga geri áfram reglulegar kannanir á kjörum bæjarstjóra og sveitarstjórnarmanna, birti niðurstöður þeirra opinberlega, svo nota megi þær sem viðmið þegar kjör bæjarstjóra og sveitarstjórnarmanna eru ákvörðuð.

### 2 Kjarasamningur Launanefndar sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Kjarasamningur Launanefndar sveitarfélaga og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna var undirritaður þann 20. ágúst. Með leyfi launanefndar var samningurinn borinn undir atkvæði nefndarinnar rafrænt og samþykktur.

### 3 Fundargerðir samstarfsnefnda LN og viðkomandi stéttarfélaga

Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

a) KJÖLUR – starfsmannafélag í almannáþjónustu, 6. Fundur 20. maí 2010 – 0912048SA.

**b)** Félagsráðgjafafélag Íslands, 26. fundur 14. maí 2010 – 0610319SA.

**c)** Félag íslenskra náttúrufræðinga, 17. fundur með tölvupóstsamskiptum frá miðjum apríl – byrjun maímánaðar 2010 – 0912057SA.

**d)** Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, 48. fundur 23. september 2010 – 1002026SA.

**e)** Starfsmannafélag Kópavogs, 2. fundur 21. september 2010 – 1003014SA.

**f)** Starfsmannafélag Reykjavíkur f.h. félagsmanna á Akranesi, 1. Fundur 5. maí 2010 – 1005007SA.

**g)** Starfsmannafélag Reykjavíkur f.h. Innheimtustofnunar, 3. fundur 5. maí 2010 – 1003009SA.

Fjallað var sérstaklega um 1. lið 3. fundar samstarfsnefndar LN og Starfsmannafélags Reykjavíkur frá 5. maí 2010 og hann samþykktur.

#### **4 Önnur mál:**

**a)** Rætt um verkefnaflutning málefna fatlaðra.

**b)** GH kynnti niðurstöður könnunar á framkvæmd samreksturs skóla.

**c)** Rætt um komandi kjaraviðræður.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 19:15.